

Íslenska sem annað tungumál, skólaárið 2023 - 2024

Kennarar

Erna Þórey Björnsdóttir og Valgerður María Jóhannsdóttir

Viðfangsefni

ORÐAFORÐI. Efla orðaforða yfir liti, tölur, skólann, dagar, mánuði, árstíðir, fólk, fjölskylduna, fatnað, líkamann, tilfinningar, matvæli, heimili, umhverfi, veður, dýr, áhugamál, íþróttir og farartæki. Einnig verður unnið með persónufornöfn, sagnorð, lýsingarorð, afstöðuhugtök og spurnarorð.

LESTUR OG LESSKILNINGUR. Heiti og hljóð bókstafa. Lesa stök orð, stakar málsgreinar og stutta texta og tengja við mynd, flokka eða svara spurningum út frá lesefni. Lesa upp eigin textaskrif.

MUNNLEG OG SKRIFLEG TJÁNING. Lýsa myndum í stökum orðum og heilum málsgreinum, lýsa atburðarás, búa til samtöl út frá myndum, semja sögur, segja frá sjálfum sér og atburðum úr eigin lífi, taka þátt í einföldum samræðum, spyrja spurninga og svara spurningum.

HLUSTUN. Greina helstu upplýsingar í frásögn og samræðum og fylgja söguþræði í stuttum texta sem lesinn er upp.

Kennsluaðferðir

Nemendum er ýmist kennt einum eða í fámennum hópum og er áhersla lögð á að þeir taki virkan þátt í kennslustundum, hjálpist að og læri hver af öðrum, sem og af kennurum. Orðaforði verður kenndur og æfður með fjölbreyttum hætti, með innlögnum, sýnikennslu, samræðum, leikjum, spilum, hlustunaræfingum, lesskilningsverkefnum, munnlegri tjáningu, verklegum æfingum, skriflegum verkefnum og ýmsum forritum.

Námsmat

Leiðsagnarmat jafnt og þétt yfir önnina. Mikil endurgjöf í kennslustundum, hvatning og leiðbeiningar. Stuttar kannanir og sérstök námsmatsverkefni lögð fyrir, ýmist munnlega, verklega eða skriflega. Árangur og framfarir skráð í gátlista og skriflegar umsagnir gefnar við annalok.

Íslenska sem annað tungumál - Forstig - Skilningur - Hlustun

- Skilur einfalt daglegt mál sem varðar hann sjálfan ef talað er hægt og skýrt, s.s. einfaldar spurningar og svör.
- Skilur grunnorðaförða, orð á 1. þrepi: orð yfir hluti, fólk og dýr, tölustafi og daglegar athafnir í nánasta umhverfi, í skólanum, frístundinni og heima.
- Skilur mjög einfaldar leiðbeiningar með stuðningi mynda, látbragðs o.fl.
- Greinir einstök orð og tölustafi sem kenndir hafa verið í einföldu hljóð- og myndefni.

Íslenska sem annað tungumál - Forstig - Skilningur - Lestur

- Tengir íslensk máhljóð við rittákn þeirra. Byrjar að þjálf sig í umskráningu og nær byrjunarfærni í lesfimi.
- Getur lesið mjög einfalda texta með stuðningi t.d. mynda.
- Getur lesið og skilið einföld orð og einfaldar lykilsetningar sem honum hafa verið kenndar og eru algengar eða eru studdar myndefni.
- Nýtir sér myndir og tákn til að skilja og skýra merkingu orða.

Íslenska sem annað tungumál - Forstig - Tjáning - Talað mál, samskipti og frásögn

- Getur, með stuðningi, tekið þátt í einföldum samræðum er varða hann sjálfan, sé talað hægt og skýrt, endurtekið og umorðað eftir þörfum.
- Kann grunnorðaförða, orð á 1. þrepi: getur nefnt orð yfir hluti, liti, fólk, daga, tölur og dýr og einfaldar setningar um daglegar athafnir í nánasta umhverfi, í skólanum, frístundinni og heima.
- Getur beðið um aðstoð á einfaldan hátt og spurt einfaldra spurninga.
- Getur á einfaldan hátt tjáð hvað honum líkar/líkar ekki og sagt frá líðan sinni.
- Getur kynnt sig, heilsað, kvatt og þakkað fyrir sig.
- Getur stafað nafnið sitt og gefið upp símanúmer.

Íslenska sem annað tungumál - Forstig - Tjáning - Ritun

- Getur skrifað íslenska stafrófið eftir fyrirmynd.
- Getur skrifað einföld orð og einfaldar setningar sem hann hefur lært.
- Þekkir íslenska ritátt.
- Getur skrifað nafnið sitt.
- Getur afritað orð og setningar.
- Getur teiknað röð mynda og með aðstoð skrifað stök orð eða setningar til að lýsa því sem er að gerast á myndunum (t.d. einföld dagbók).

Íslenska sem annað tungumál - 1. stig - Skilningur - Hlustun

- Skilur einfalt daglegt mál sem varðar hann sjálfan, skólann, fjölskylduna og áhugamál ef talað er hægt og skýrt.
- Skilur grunnorðaforða, orð á 1. þrepi: orð yfir hluti, fólk og dýr, tölustafi og daglegar athafnir í nánasta umhverfi, í skólanum, frístundinni og heima.
- Skilur að nokkru leyti leiðbeiningar og það mál sem notað er í kennslustofunni ef talað er hægt.
- Fylgir meginþræði og greinir upplýsingar í einföldum, kunnuglegum frásögnum með sjónrænum stuðningi og orðaforða sem hefur verið kenndur.

Íslenska sem annað tungumál - 1. stig - Skilningur - Lestur

- Þekkir íslenska stafrófið og íslensku máhljóðin.
- Getur lesið og skilið einfalda texta af nokkurri lipurð.
- Getur lesið og skilið einföld orð og setningar sem hafa verið kenndar.
- Nýtir sér myndir og tákn til að skilja og skýra merkingu orða.

Íslenska sem annað tungumál - 1. stig - Tjáning - Talað mál, samskipti og frásögn

- Getur, með stuðningi, tekið þátt í einföldum samræðum er varða hann sjálfan, sé talað hægt og skýrt, endurtekið og umorðað eftir þörfum.
- Kann grunnorðaforða, orð á 1. þrepi: getur nefnt orð yfir hluti, liti, fólk, daga, tölur og dýr og einfaldar setningar um daglegar athafnir í nánasta umhverfi, í skólanum, frístundinni og heima.
- Getur beðið um aðstoð á einfaldan hátt og spurt einfaldra spurninga.
- Getur á einfaldan hátt tjáð hvað honum líkar/líkar ekki og sagt frá líðan sinni.
- Getur kynnt sig, heilsað, kvatt og þakkað fyrir sig.
- Getur með takmörkuðum orðaforða lýst hlut eða mynd með því að hafa undirbúið sig fyrir fram.

Íslenska sem annað tungumál - 1. stig - Tjáning - Ritun

- Getur skrifað stök orð og einfaldar setningar um sjálfan sig.
- Getur skrifað einfaldar setningar til að lýsa atburðum í myndasögu.
- Getur skrifað nafn sitt, heimilisfang og nafn skólans.
- Getur færð dagbók sem lýsir daglegum athöfnum, fólki og stöðum í stuttum setningum.
- Getur skrifað orð og orðasambönd til að lýsa hversdagslegum hlutum (t.d. lit eða stærð).
- Hefur grunnþekkingu á íslenskri málfræði og beitir henni í ritun.